

Skólaráðsfundur 29. janúar kl. 15.00 - 16.00.

Mættir eru: Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Svava Svavarsdóttir fulltrúi annara starfsmanna, Jörundur Guðni Sigurbjörnsson fulltrúi nemenda, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Þóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, (veikur), Hulda Margrét Sveinsdóttir fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

Upphaf skóladags (hefja skóladaginn seinna en 8.00)

-SET listar (mælitæki í SMT)

-Skóladagatal

-Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskóla slóðin er

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/oryggishanbok/Oryggishanbok_grunnskola_2014.pdf
http://www.menntamalaraduneyti.is/media/oryggishanbok/Oryggishanbok_grunnskola_2014.pdf

-Önnur mál

Fundur settur kl. 15.09

Gengið til dagskrár.

1. Rætt um hvort seinka eigi byrjun skóladags til kl 8:10 eða 8:15 en það hefur komið til tals á starfsmannafundum hér innanhúss. Sigríður Jóna segir þetta vera kapphlaup við klukkuna, að ná að fara með börn á leikskóla á morgnana þegar skóli hefst kl. 8.00. Umræðan hér innanhúss kviknaði einmitt vegna þessa. Ólöf segir þetta ekkert vandamál af hálfu skólans nema varðandi sundið. Glerárskóli er með fyrstu tímana í Glerárlaug á morgnana og það sem gerist við þessa breytingu er að skólalokum seinkar á daginn. Það þarf að semja um þetta við Glerárskólafólk. Ekki gott að breyta stundaskránni okkar vegna þessa. Helga er ekki hrifin af þessu, finnst þetta ekki nýttast sér hvorki sem móður né kennara. Fram hefur komið að þessi breyting yrði til batnaðar hvað varðar strætisvagnasamgöngur vegna framhaldsskólanna. Sigurður vill breyta þessu til kl. 9.00 vegna lýðheilsuraka en Sigríði finnst það ekki ákjósanlegur kostur vegna þess að hún og flestir hefja vinnu kl. 8.00 og hvað með börnin til kl. 9.00? Kallar á opnun skólavistunar.
Engin sérstök niðurstaða varð en ef starfsmannafundur samþykkir seinkun þá setur skólaráð sig ekki upp á móti því.
2. SET listar eru mælitæki sem er notað til að mæla hvort við erum að vinna SMT eins og á að gera. SMT skólarnir skiptast á að mæla árangur hvers annars í nóvember á hverju ári en þeir eru þrír. Ólöf fór yfir forvarnarþríhyrninginn og hvernig nemendum er raðað í hann. Hún fór einnig yfir niðurstöður SET lista mælinga frá árinu 2007 og frá þeim tíma hafa niðurstöðutölur hækkað á milli ára. Síðastliðin ár höfum við verið með

um og yfir 90% árangur. Umræður: Ásdís er ekki alveg sátt við hvernig er verið að nota SMT verkfærin eins og t.d. hrósmiða. Að nemendur sem eigi skilið að fá hrósmiða fái þá ekki. Helga segir það rétt að við þurfum að vanda okkur við þetta. Sigríður spyr um hvort refsing sé í SMT? Svar er að um afleiðingu er að ræða t.d. forréttindamissir, uppbótarverkefni eða aðra afleiðingu til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun. Mætingar eru ekki inni í þessu kerfi.

3. Skóladagatal: Ólöf sagði að ekki væri enn búið að ákveða sameiginlegan skólasetningardag í ágúst. Það verður væntanlega gert n.k. þriðjudag á fundi með fræðslustjóra. Sigríður segist ánægð sem kennari að byrja um 10. ágúst, segir það afslappandi að hafa góðan undirbúningstíma í skólabyrjun. Fólk var jákvætt fyrir því að skipta á árshátíð í feb. og viðtölum í mars. Sigurður stingur upp á því að hafa litlu jólin næsta ár þann 18.12 eftir kennslu skv. stundaskrá svo nemendur þurfi ekki að mæta í tvo tíma mánudaginn 21. desember.
4. Ólöf vakti athygli fundarmanna á öryggishandbók fyrir grunnskóla sem kom út í desember s.l. Bókin er stuðningsrit fyrir grunnskóla varðandi vinnu við allt sem tengist þessum málum.
5. Ljóst að það þarf að fara í miklar framkvæmdir á kjallaranum í sumar. Aðalorsökin er ónógur frágangur drenlagna við byggingu hússins. Bygging nýs leikskóla í Síðuhverfi er fyrirhuguð á næstu árum.
6. Önnur mál: Engin.

Fundi slitið kl. 16.00